



„Blossinn“ – aðferð til að fá viðbrögð frá nemendum

Lýsing

10 mínútum áður en kennslustund lýkur skalt þú hætta kennslu og biðja þátttakendur um að segja þér og hinum þátttakendunum, frá því hvernig þeir upplifðu kennslustundina. Biddu um að þeir séu stutturorðir, segi eina til tvær setningar. Fólk gæti tjáð sig um innihald námskeiðsins, aðferðir sem notaðar hafa verið, andrúmsloftið í hópnum, hvað það muni nýta af því sem það lærði o.s.frv. Hér skiptir máli að finna góða spurningu, sem er nægilega opin, en leiðir jafnframt að áhugaverðum og gagnlegum viðbrögðum. Eftir að hafa sagt fólki hvað það er sem þú vilt að það geri skaltu gefa því eina mínútu til að hugsa sig um. Þannig getur það betur gefið hvert öðru athygli. Þá skaltu biðja einhvern um að byrja en passaðu upp á að þvinga engan til að tjá sig.

Ath.

Þessa aðferð má nota til að meta hvers konar samverur, hún gefur fólki tækifæri til þess að láta í ljósi hvernig því líður á námskeiðinu og hvernig gengur. Ef þú notar aðferð eins og þessa til þess að fá viðbrögð frá þátttakendum reglulega getur þú komið í veg fyrir að óánægja með námskeiðið byggist upp án þess að þú vitir. Og ef fólk getur þústað út litlu hlutunum getur vel verið að þeir verði ekki stórir. Það er auðveldara að slökkva litla elda...

- Það getur verið gott að passa upp á að „orðið“ gangi ekki hringinn, þannig að fólk sé ekki að hugsa um hvað það á að segja og nái ekki að hlusta á aðra....
- Gefðu til kynna að það sem fólk segir verði ekki rætt. Vissulega má fólk spyrja ef það skildi eitthvað ekki, en m.a.s. leiðbeinandinn passar upp á að ræða ekki það sem sagt er. Alls ekki svara gagnrýni eða hrósi! Vandinn er að það sem þeir fyrstu segja getur haft áhrif á þá næstu. E.t.v. má minnka þau áhrif með því að biðja fólk um að hugsa sig um áður en nokkur byrjar að tala.
- Passaðu einnig upp á að það sem fólk segir sé stutt, og að enginn fari að halda ræður.
- Ef þú færð viðbrögð við kennslunni eða einhverju sem þú gerir skaltu passa upp á að afsaka þig ekki og alls ekki snúast til varnar.
- Leyfðu öllum að klára sig af áður en þú bregst við einhverju sem einhver hefur sagt. Passaðu upp á að ræða alls ekki það sem fólk segir jafnóðum og það segir það, þá lendir þú í þeirri aðstöðu að vera að meta og dæma og það hindrar gagnleg viðbrögð. Fólk fer þá að taka mið af þínum viðbrögðum þegar það tekur til máls.